



9. fundur aðalstjórnar Aftureldingar haldinn miðvikudaginn 9. des. 2015 á skrifstofu félagsins að Varmá kl. 18.15.

Mætt: Dagný Kristinsdóttir (DK), Geirarður Long (GL), Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Eymundur Sigurðsson (ES) og Ólafur Thoroddsen (ÓTh)

Einnig sat fundinn Indriði Jósafatsson (IJ) framkvæmdastjóri félagsins.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Uppgjör deildarfunda.

Kynnt. Vísað til umræðu eftir áramót. Hver deild fær sína fundargerð til umsagnar og samþykktar. Eins verður úrvinnsla með þeim hætti að henni verður skipt upp í tvennt. Annars vegar úrvinnsla stjórnar og hins vegar bæjarins en þeir þættir verða ræddir á vettvangi félagsins og hins vegar í framkvæmdaráði með íþróttafulltrúa bæjarins.

2. Jólalokanir á skrifstofu.

Skrifstofan er lokuð á Þorláksmessu, aðfangadag og Gamlársdag.

3. Uppskeruhátíð í janúar.

IJ kynnir hugmynd að dagskrá. Rætt var um minnisblað sem nefnd skilaði af sér í vor. Nefnd þessi hafði það hlutverk að endurskoða fyrirkomulag uppskeruhátíðar.

Fundi slitið 19:30
Dagný Kristinsdóttir.
(sign.)